



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 11. maí 2023

Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga, útlendingalög (dvalarleyfi), 944. mál, 153. löggjafarþing, 2022-2023

I. Inngangur

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök iðnaðarins (SI), hér eftir „samtökin“, hafa tekið til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016 (dvalarleyfi), 944. mál á 153. löggjafarþingi. Samtökin fagna frumvarpinu og telja að í því komi fram tímabærar breytingar á lögum um útlendinga. Samtökin styðja jafnframt þær breytingar sem hafa orðið á frumvarpinu síðan starfshópur forsætisráðherra skilaði tillögum um atvinnuréttindi útlendinga og telja þær til bóta.

II. Um mannauðspörf

Einkageirinn stóð fyrir 80% fjölgunar starfsfólks á árunum 2014-2019 en Íslendingar mættu 20% af þeirri fjölgun. Lítil fjölgun innlands starfsfólks kallaði á stórfelldan innflutning erlendra starfsmanna á tímabilinu og var fjölgun háskólamenntaðra mest. Á næstu fjórum árum, árin 2022-2025, mun innlendu fólki á vinnualdri fjölga um 3.000 en störfum mun fjölga um hið minnsta 15.000. Þörf fyrir innflutning erlends starfsfólks verður mikil, a.m.k. 12.000 manns, og langflest þurfa að hafa háskólamenntun eða eftir atvikum aðra sérmenntun eða sérfræðispekkingu sem atvinnulífið þarfnast. Sé gert ráð fyrir aðflutningi 12.000 starfsmanna á næstu fjórum árum má ætla að 80% þeirra muni hefja störf í einkageiranum og 20% hjá opinbera geiranum. Ef horft er til samsetningar aðfluttra starfsmanna á árunum 2015-2019 má ætla að rúmur helmingur verði háskólamenntaður. Árleg þörf á næstu árum fyrir innflutt starfsfólk með háskólamenntun verður því 1.600 manns.¹

Ísland á í harðri samkeppni við aðrar þjóðir um hæfileikaríkt fólk. Hér á landi eru spennandi tækifæri og möguleiki á farsælu lífi en geta Íslands til þess að taka á móti og laða að erlent starfsfólk hefur ekki verið nægilega góð til þess að styðja við íslensk fyrirtæki sem þurfa á sérhæfðum mannauði að halda til að vaxa.

Í nýlegri könnun á vegum SI svöruðu 50% þátttakenda, félagsmanna SI, því játandi að skortur á mannauði myndi líklega hefta vöxt síns fyrirtækis litið til næstu fimm ára. Skortur á mannauði nær þvert yfir greinar iðnaðar, framleiðsluiðnað, mannvirkjaiðnað og hugverkaiðnað.

¹ Sjá nánar: https://samtok-atvinnulifsins.cdn.prismic.io/samtok-atvinnulifsins/0670345e-0ed6-43df-af1c-d129fb298de3_VidvarandiSkortur.pdf



Þá hafa SI um árabíl bent á nauðsyn þess að liðkað verði fyrir komu erlendra sérfræðinga til Íslands. SI hafa sérstaklega greint mannaflapörf í hugverkaiðnaði en SI hafa áætlað að á næstu fimm árum þurfi allt að 9000 sérfræðinga til starfa í hugverkaiðnaði eigi vaxtaáætlanir að ná fram að ganga. Hugverkaiðnaður hefur vaxið mikið undanfarin ár en á síðasta ári námu útflutningstekjur hugverkaiðnaðar 239 milljörðum í samanburði við 127 milljarða árið 2017. Á sama tíma hefur samkeppni um hæft starfsfólk í heiminum aukist. Margir þættir spila þar inn í, aukinn hreyfanleiki starfsfólks og aukin þörf á sérhæfingu eftir því sem tækninni fleygir fram. Í raun er þjóðhagslega og efnahagslega mikilvægt að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga til Íslands en skortur á sérhæfðri þekkingu hér á landi er nú þegar hindrun í vexti hugverkaiðnaðar. Vaxtatækifæri í hugverkaiðnaði eru mikil til framtíðar. Hugverkaiðnaður er mjög fjölbreyttur en innan hans eru til að mynda fyrirtæki í upplýsingatækni, líftækni, heilbrigðistækni og tölvuleikjaframleiðslu. Auðlind hugverkaiðnaðar er mannauður og er áframhaldandi vöxtur í hugverkaiðnaði því háður framboði af sérhæfðri þekkingu og reynslu og aðgengi að mannauði.

Til viðbótar framangreindri þörf er ljóst að mikinn og sérhæfðan mannafla þarf til að tryggja uppbyggingu innviða í íslensku samfélagi og mæðir þar mest á að íslenskt menntakerfi geti annað eftirspurn atvinnulífsins eftir nýliðun í iðn- og tæknigreinar. Hafa umbætur verið gerðar á íslensku iðnmenntakerfi til að auka skilvirkni þess og gæði. Staðan er hins vegar sú að íslenskur iðnaður hefur þurft að reiða sig á, í miklu mæli, erlent starfsfólk til að mæta auknum umsvifum í mannvirkjagerð og mun þörfin aukast enn frekar í komandi verkefnum, þá ekki síst tengt orkuskiptum sem heimurinn allur er að vinna að. Í þessu ljósi má einnig skoða könnun SA fyrir menntadag atvinnulífsins en niðurstöður hennar undirstrika vandann.²

III. Um einstaka tillögur frumvarpsins

Tillögur frumvarpsins er lúta að ívilnandi breytingum fyrir doktorsnema og erlenda sérfræðinga eru allar til þess fallnar að auðvelda erlendum sérfræðingum að setjast að hér á landi og fyrirtækjum að ráða sérhæft, erlent starfsfólk. Að mati samtakanna ættu stjórnvöld að kappkosta við að hafa reglur um dvalarleyfisumsóknir sem skilvirkastar fyrir umsækjendur og stjórnvöld sem þeim beita og er frumvarpið gott skref í þá átt.

Samtökin styðja sérstaklega eftirfarandi tillögur sem styðja við ofangreint markmið:

- 1. gr. frumvarpsins sem auðveldar útlandingum sem samþykktir hafa verið í doktorsnám við íslenska háskóla að sækja um dvalarleyfi.
- 6. gr. frumvarpsins sem lengir gildistíma atvinnuleyfis erlends sérfræðings úr tveimur árum í fjögur ár og veitir jafnframt erlendum sérfræðingi ráðrúm til þess að finna sér nýja vinnu ef slit verður á ráðningarsamningi hans og atvinnurekanda. Dvalarleyfi erlends sérfræðings er háð atvinnuleyfi atvinnurekanda en eins og lögin eru í dag hefur erlendur sérfræðingur aðeins þrjá mánuði til þess að finna sér nýtt starf ella verður sá hinn sami að hverfa af landi brott. Þetta er í mörgum tilvikum mikill missir fyrir íslenskt samfélag en hæfileikar og reynsla sérfræðingsins getur hæglega nýst öðru fyrirtæki þrátt fyrir að ekki sé hægt að ganga frá ráðningu á þriggja mánaða tímabili.

² Sjá nánar: https://samtok-atvinnulifsins.cdn.prismic.io/samtok-atvinnulifsins/ae90f705-10df-4d2a-98da-925d54d17283_2023-menntadagur-atvinnulifsins-faernithorf-a-vinumarkadi.pdf



- 10. gr. sem heimilar endurnýjun dvalarleyfi útlendings sem lokið hefur háskólanámi hér á landi upp að allt að þremur árum. Þetta hvetur erlenda nema til þess að dvelja lengur hér á landi og eykur líkurnar á því að sérfræðipækning þeirra nýtist íslensku atvinnulífi og samfélagi.
- 7. gr. og 12. gr. frumvarpsins sem eykur réttindi útlendinga sem fá dvalarleyfi vegna skorts á starfsfólki, sbr. 62. gr. Með greinunum er annars vegar tímalengd dvalarleyfis aukin úr einu ári í tvö og hins vegar er réttur sérfræðinga sem fá dvalarleyfi vegna skorts á starfsfólki til fjölskyldusameiningar tryggður. Þetta er nauðsynlegt til þess að hvetja fjölskyldufólk til þess að íhuga flutninga til Íslands og eykur möguleika hugverkafyrirtækja sem ekki fá atvinnu- og dvalarleyfi á grundvelli sérfræðipækningar, sbr. 61. gr. útlendingalaga, til þess að ráða starfsfólk með sérfræðipækningu sem sannarlega vantar hér á landi.

Þá styðja samtökin allar tillögur sem miða að því að gera umsóknarferlið stafrænt og skilvirkt, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Samtökin gera engar athugasemdir við frumvarpið og hvetja nefndina til þess að afgreiða málið sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Nanna Elísa Jakobsdóttir, viðskiptastjóri á
iðnaðar- og hugverkasviði SI

Heiðrún Björk Gísladóttir, lögmaður á
efnahags- og samkeppnishæfnisviði SA